



Reykjavík, 15. júlí 2020

Brot Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins gegn 36. gr. e. og 37. gr. laga nr. 129/1997

Í kjölfar fyrirspurnar frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) bárust upplýsingar frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) þann 11. maí 2020 þess efnis að heildareign lífeyrissjóðsins í tveimur sjóðum um sameiginlega fjárfestingu hefðu farið yfir lögbundið hámark fjárfestingarheimilda sbr. 7. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Samkvæmt 36. gr. e. laga nr. 129/1997, skal lífeyrissjóður hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Þá skal lífeyrissjóður samkvæmt 37. gr. sömu laga tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um að fjárfesting lífeyrissjóðs hafi farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögnum og skal þegar gera ráðstafanir til úrbóta.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að eftirlitskerfi lífeyrissjóðsins hafi ekki verið með fullnægjandi hætti hvað varðar vöktun á lagalegum takmörkunum fjárfestingarheimilda lífeyrissjóðsins sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997. Af þeim sökum hafi lífeyrissjóðurinn hvorki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um brotið né þegar gripið til ráðstafana til úrbóta, sbr. 37. gr. laga nr. 129/1997.

Í kjölfar samskipta við Fjármálaeftirlitið greip lífeyrissjóðurinn til fullnægjandi ráðstafana.